

Svar

innanríkisráðherra við fyrirspurn Oddnýjar G. Harðardóttur um stöðu einstaklinga sem hlotið hafa dóm en bíða afplánunar.

1. *Hve margir einstaklingar sem hlotið hafa dóm bíða eftir að geta hafið afplánun, skipt eftir kyni og aldri?*

368 einstaklingar bíða eftir afplánun, 23 konur og 345 karlar. Aldursskipting er sem hér segir:

Aldur	Fjöldi
19–20	5
21–25	75
26–30	94
31–35	61
36–40	34
41–45	23
46–50	26
51–55	22
56–60	14
61–65	7
66–70	3
71–	4

2. *Hve margir þessara einstaklinga, skipt eftir kyni, aldri, brotaflokkum og lengd dóma,*
a. má reikna með að verði vistaðir í öryggisfangelsi,
b. fullnægja skilyrðum um vistun í opnu fangelsi,
c. fullnægja skilyrðum um afplánun í samfélagsþjónustu?

Samkvæmt íslenskum lögum eru fangelsi ekki skilgreind eftir öryggisstigi. Fjögur lokuð fangelsi með svipað öryggisstig eru í landinu, Litla-Hraun, Fangelsið á Akureyri, Fangelsið Kópavogsbraut 17 og Hegningarhúsið við Skólavörðustíg 9. Eftir komu í fangelsi er lagt mat á viðkomandi fanga og ákvörðun um vistunarstað tekin að því loknu.

Skilyrði fyrir afplánun óskilorðsbundinna fangelsisrefsinga með samfélagsþjónustu eru lögbundin en ekki liggur fyrir hve margir á boðunarlistanum uppfylla þau skilyrði fyrir en skýrsla hefur verið tekin af hverjum og einum og kannað hvort önnur skilyrði séu uppfyllt, t.d. hvort viðkomandi eigi ólokið málum í refsivörslukerfinu.

3. *Hve margir einstaklingar bíða eftir afplánun vegna vararefsingar?*

1.356 einstaklingar bíða afplánunar vararefsingar fésekta.